

apríl 1985 til stefnubirtingardags 20. júní 1985, en með dómvöxtum skv. l. nr. 56/1979 frá þeim degi til greiðsludags og kr., 21.000,00 í málskostnað. Heimilt er að bæta vöxtum við höfuðstól á 12 mánaða fresti við útreikning vaxta.

Mánudaginn 30. mars 1987.

Nr. 109/1987. **Ákærvaldið**

gegn

Halldóri Lárusi Péturssyni

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Halldór Þorbjörnsson, Guðmundur Skaftason og Guðrún Erlendsdóttir.

Varnaraðili hefur með heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 26. þ.m. er barst Hæstarétti sama dag. Hann krefst þess að úrskurðurinn verði felldur úr gildi eða gæsluvarðhaldsvist stýtt. Greinargerð hefur ekki borist af hálfu ákærvalds.

Með skírskotun til raka hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Mál þetta er ófyrirsynju kært til Hæstaréttar.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 25. mars 1987.

Ár 1987, miðvikudaginn 25. mars er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Höllu Bachmann Ólafsdóttur fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

RLR hefur krafist þess að framlengt verði með úrskurði gæsluvarðhald það er Halldóri Lárusi Péturssyni var gert að sæta með úrskurði sakadóms

Reykjavíkur uppkveðnum 18. mars sl., en rennur út í dag kl. 17:00, til fimmtudagsins 18. júní nk. kl. 17:00, vegna gruns um brot kærða gegn 254 gr. laga nr. 19, 1940.

Málavextir:

RLR hefur undanfarið unnið að rannsókn á þjófnuðum sem framdir hafa verið í Reykjavík þar sem miklum verðmætum hefur verið stolið. Verulegur hluti þýfis hefur fundist, en grunur leikur á að hluti þess sem ekki hefur komið í leitirnar hafi verið komið í verð.

Rökstuddur grunur er fyrir því að Halldór Lárus Pétursson, kærði í máli þessu, hafi fengið skartgrip í innbrotum þessum í viðskiptum sínum við þá sem að þeim stóðu. Kærði hefur hins vegar alfarið neitað að svo sé og verulegt ósamræmi er í framburði hans og annarra í málinu.

Brot það sem kærði er grunaður um getur varðað fangelsisrefsingu samkvæmt 254. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Brotaferill kærða er samfelldur frá 1973 varðandi hegningarlagabrot og brot á ávana- og fíkniefnalögum frá 1981.

Samkvæmt sakavottorði kærða hefur hann níu sinnum verið uppvís að hegningarlagabrotum og verið dæmdur í fangelsi í samtals 3 ár og 235 daga fyrir brot á hegningarlögum og ávana- og fíkniefnalögum.

Kærði hefur áfrýjað til Hæstaréttar Íslands tveimur dómum sakadóms Reykjavíkur. Fyrri dómurinn var dæmdur 18.12. 1986 og hlaut kærði 3 mánaða fangelsi. Síðari dómurinn var dæmdur 2. febrúar 1987 og var kærði þá einnig dæmdur í 3 mánaða fangelsi, en báðir dómarnir voru vegna hegningarlagabrota. Samkvæmt upplýsingum ríkissaksóknara verða mál kærða tekin fyrir í Hæstarétti í lok apríl. Í sakadómi Reykjavíkur er ódæmd ákæra á hendur kærða, þar sem hann er ákærður fyrir brot gegn 254 gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940. Þá er til meðferðar hjá embætti ríkissaksóknara kærumál á hendur honum vegna fíkniefnamáls.

Svo sem rakið hefur verið er kærði síbrotamaður og hefur verið í afbrotum frá unga aldri. Veruleg hættu er á að kærði haldi áfram afbrotum meðan málum hans er ólokið.

Þegar allt framanritað er virt þykir rétt að taka kröfu RLR til greina með vísan til 5. tl. 67. gr. laga nr. 74, 1974, og ákveða að kærði sæti gæsluvarðhaldi áfram en þó eigi lengur en til mánudagsins 18. maí nk. kl. 17:00.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kærði, Halldór Lárus Pétursson, sæti gæsluvarðhaldi til mánudagsins 18. maí 1987 kr. 17:00.